

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Höfðahrepps, Höfðakaupstað,
nr. 9 11. janúar 1961.

1. gr.

Í stað „1% af fasteignamati húsanna“ í 8. gr. komi: 0,15% af fasteignamati húsanna.

2. gr.

Í stað „2% af fasteignamati húsanna“ í 8. gr. komi: 0,25% af fasteignamati húsanna.

3. gr.

Í stað „Fyrir hverja smálest vatns, ef selt er eftir mæli kr. 1.00“ í 7. tölulið 10. gr. komi: Fyrir hverja smálest vatns til iðnaðarfyrirtækja kr. 5.00.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Eyrarbakka.

1. gr.**Almennur vatnsskattur.**

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Eyrarbakkahrepps, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Eyrarbakkahrepps.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.